

## Setning

*Þórir Ingason*  
*Vegagerðin*

Rannsóknaráðstefnan 2010 er haldin þann 5. nóvember 2010. Þetta er níunda rástefnan frá upphafi, sú fyrsta var haldin í Salnum í Kópavogi árið 2002. Skráðir þátttakendur eru rétt ríflega 150 talsins.

Þessi árlega rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er mikilvægur hluti þeirrar viðleitni að koma niðurstöðum rannsóknaverkefna, sem styrkt eru af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar, á framfæri. Það er alltaf nauðsynlegt við og við að undirstrika mikilvægi þess að niðurstöðum rannsóknaverkefna sé komið á framfæri.

Stundum er spurt, kannski fremur á krepputímum en öðrum: eru einhver not af þessum rannsóknum og rannsóknum yfirleitt, eru þær að skila einhverju? Og hjá þeim sem stunda rannsóknir getur einnig komið upp sú staða að niðurstöður einhvers verkefnis séu ekki nothæfar beint og þá fara menn að efast og líta e.t.v. á að vinnan sem þeir hafa lagt í rannsóknina hafi ekki skilað árangri. Það er skoðun undirritaðs að svo sé þó alls ekki. Í því sambandi má nefna viðtal við efnaverkfræðing nokkurn, sem hafði starfað að rannsóknum hjá ákveðnu lyfjafyrirtæki í Danmörku alla sína tíð um miðja síðustu öld. Sá var að fara á eftirlaun. Í viðtalinu kom fram hjá honum að rannsóknir hans hafi í engum tilvikum leitt til framleiðslu á nýju lyfi hjá fyrirtækinu. Hann var þó alveg sáttur við ævistarfið og benti á að rannsóknirnar hafi verið notadrjúgar, þar sem enginn annar þurfti þá að eyða tíma og fyrirhöfn til að komast að sömu niðurstöðu. Rannsókn er sem sagt ekki misheppnuð, þó afurðin sé ekki áþreifanleg. Einnig má nefna að stundum ekki hægt að benda á einstök verkefni og segja að þau hafi skilað ákveðnum afrakstri, því oft er um samspil úr niðurstöðum fleiri verkefna að ræða og e.t.v. taka menn hreinlega ekki eftir því að það sem verið er að gera sé vegna niðurstaðna úr rannsóknum.

Ástæða þess að þessi spurning um nytsemi rannsókna er nefnd hér er að á þessu ári og fyrirsjáanlega því næsta, hafa heildarfjárveitingar til rannsóknasjóðsins dregist saman milli ára (152 millj. 2009, 139 millj. 2010 og talan í fjárlögum fyrir 2011 er nú 123 milljónir), auk þess að vera langt frá því að ná því 1,5 % af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar, eins og kveðið er á í vegaglögum. En í þessu sambandi er áður nefnd spurning um notagildi rannsókna stundum sett fram og spurt hvort samdrátturinn skipti nokkru máli. Það er skoðun undirritaðs að það geri það og að samdráttur í fjárveitingum til rannsókna, eins og kostaðar eru af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar sé einfaldlega röng stefna á krepputímum, þá ætti heldur að bæta í en hitt. Ástæða þess er m.a. sú að þetta eru tiltölulega mannaflafrekar krónur og þegar lítið er um önnur verkefni er gott að geta greitt fyrir þekkingu til að skoða ýmis mál, sem ekki vinnst tími til annars. Þetta getur líka komið í veg fyrir að við missum fólk og þekkingu annað og þegar við þurfum svo á því að halda síðar, er það ekki lengur til staðar. Reyndar er undirritaður ekki einn um þessa skoðun, en þrátt fyrir það er ástandið eins og það er.

Á ráðstefnu dagsins er, eins og endranær, erindi um fjölbreytt efni. Fyrri hluta dagsins er fjallað um verkefni sem tengjast mannvirkjum, síðan er komið inn á efni sem tengjast umferðarmálum, umhverfi og samfélagi, þ.e.a.s. þá fjóra meginflokka, sem rannsóknaverkefni Vegagerðarinnar falla í. Deginum lýkur svo með erindi frá Ríkharði Kristjánssyni frá Íslenskum aðalverktökum, sem ætlar ekki að fjalla um rannsóknaverkefni sem Vegagerðin hefur styrkt, heldur annað áhugamál Vegagerðarmann, að minnsta kosti sumra, þ.e. tónlistarhúsið Hörpu og byggingu þess, eða kannski vandamál við byggingu þess. Áhugi vegagerðarmanna kemur til af því að 11.-13. júní árið 2012 verður ráðstefna Norræna vegasambandsins (NVF), sem margir þekkja, haldin í þessu húsi.

Auk erinda, hanga 6 veggspjöld í forsal ráðstefnusalarins.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar stýrir ráðstefnunni.

*Þórir Ingason*